

## Starfsreglur skólaráðs Giljaskóla

*Í samræmi við reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008 hefur skólaráð Giljaskóla sett sér starfsreglur:*

Miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs. Foreldrar skulu kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins, eitt þeirra skal eiga sæti í stjórn foreldrafélagsins. Fulltrúar kennara og annars starfsfólks eru kosnir á starfsmannafundi að hausti. Fulltrúar nemenda eru einnig kosnir að hausti.

### Helstu verkefni skólaráðs eru eftirfarandi:

- Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald og tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- Skólaráð fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Skólaráð skal fá til umsagnar allar fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Skólaráð fylgist með eftirfarandi (sjá 2. gr. laga um skólaráð):
  - a. Fundir skólaráðs skuli haldnir að jafnaði á fimm vikna fresti á starfstíma skóla. Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs, undirbýr fundi og boðar til þeirra með dagskrá. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum hans. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og gögn sem fjalla á um skulu send til fulltrúa í skólaráði með fundarboði.
  - b. Starfsáætlun fyrir skólaráð Giljaskóla skal samþykkt í upphafi vetrar, í samræmi við hlutverk og verkefni eins og þeim er lýst í 2. gr. reglugerðar fyrir skólaráð grunnskóla. Verði breytingar á starfsáætlun getur skólastjóri boðað slíkar breytingar í fundarboði sbr. 4. grein laga um skólaráð. Drög að starfsáætlun fyrir næsta skólaár skal liggja fyrir að vori.
  - c. Skólaráð skal hafa sérstakt svæði á vefsíðu skólans til að kynna starfsemi sína. Þar koma fram nöfn og netföng fulltrúa skólaráðs og fundargerðir skólaráðs.
  - d. Ritari skólaráðs skal kjörinn úr skólaráði á fyrsta fundi skólaársins. Ritari gerir fundargerðir og sendir fulltrúum til samþykktar. Fundargerð skal sett inn á heimasíðu skólans innan þriggja daga frá fundi.
  - e. Skólaráð skal skipta með sér verkum við undirbúning opins fundar um málefni skólans fyrir alla aðila skólasamfélagsins sem halda skal árlega (mars/apríl). Umræðuefni gæti verið út frá niðurstöðum í Skólapúlси og annað sem ástæða þykir að rýna í.

### Verkaskipting og framkvæmd einstakra þátta starfsins:

1. Fulltrúar nemenda í skólaráði skipuleggja ásamt skólastjórnendum það mat sem fer fram hjá rýnihóp nemenda skólans sem og úrvinnslu úr því og kynningu.
2. Skólaráð sjái til þess að fulltrúi foreldra eigi fulltrúa eigi sæti í matsnefnd skólans.

3. Fulltrúar starfsfólks og kennara í skólaráði fá rými á starfsmannafundum og kennarafundum til að segja frá starfi skólaráðs. Fulltrúar nemenda í skólaráði kynni starf þess á fundi nemendaráðs. Á ábyrgð skólastjóra.
4. Fulltrúar foreldra í skólaráði fundi a.m.k. einu sinni á vetri með stjórn foreldrafélagsins til að efla tengsl milli skólaráðs og foreldrafélagsins. Foreldrafélagið boði til þessa fundar.
5. Skólaráð hittir öryggisfulltrúa skólans einu sinni á ári.

Samþykkt af skólaráði Giljaskóla 7. nóvember 2019